




Agamál – Verkferlar

Gullna reglan í öllum samskiptum: Komdu fram við aðra eins og þú vilt að komið sé fram við þig.

Sú regla þýðir:

Við tölum með virðingu og vinsemd við nemendur > við öskrum ekki þó þau öskri, við niðurlægjum ekki þó þeir niðurlægi og við ásökum ekki fyrir framan aðra þó þeir geri það.

Við höldum stjórn og reynum að stjórna okkar tilfinningum, alveg eins og við ætlumst að þeir reyni að stjórna sínum eigin.



Við erum Uppbyggingarskóli!

FORVARNIR

- Mikilvægar forvarnir > Ræða um sjálfstjórn, kenna agastjórnun og ræða við nemendur reglulega um hvað það þýði að vera besta útgáfan af sjálfum sér.
- Hvað hugtök eins og metnaður, virðing, samkennd, fyrirgefning, sleikipinninn, mistök, lærdómur, öryggi og þarfir þýða.
- Mikilvægasta forvörnin er að kynnast nemendum þínum, þekkja þeirra styrkleika/veikleika, fjölskylduaðstæður og áhugamál.



Hverjir heyra?

- Aldrei byrja kennslustund án þess að vera búin að fanga athygli allra.
- Margar leiðir eru til þessa, en í Sandgerðisskóla höfum við t.d. tileinkað okkur að rétta upp aðra höndina og segja: Hverjir heyra.
- Þá eiga nemendur að gera það sama, rétta upp höndina, horfa á kennara og gefa hljóð (ath. Ekki eiga allir nemendur auðvelt með að horfa til kennara, ef þeir nemendur gefa hljóð þá á ekki að fara í þá baráttu. Við erum öll misjöfn)
- Mikilvægt er að ALLIR bekkir haldi bekkjarfundi!



1. Þrep þegar upp kemur agamál

Staða:

Nemandi fer ekki eftir fyrirmælum kennara/starfsmanns

Þrep 1.

Kennari/starfsmaður fer til nemenda og spyr hvort hann sé tilbúinn að taka þátt, hlusta og fylgja fyrirmælum: Muna: 10% eru orðin sem þú velur, 35% er tónn raddarinnar, 55% er líkamstjáning.

Spurningar sem geta gagnast við 30 sekúndna inngrip:

- ✓ Er í lagi að gera það sem þú ert að gera núna?
- ✓ Hvert er þitt hlutverk núna?
- ✓ Hvenær ertu reiðubúinn að byrja?
- ✓ Hvað get ég gert til að hjálpa þér að...?
- ✓ Hver er reglan? Getur þú gert það?
- ✓ Hvað átt þú að vera að gera?
- ✓ Það lítur út fyrir að þú eigir í vandræðum. Hvernig get ég hjálpað þér að leysa úr því?
- ✓ Getur þú fundið betri leið? Hvernig get ég hjálpað?
- ✓ Er það sem þú ert að gera núna gott eða slæmt fyrir kennslustundina?



2. Þrep í agaferli



- Nemandi sér ekki að sér og heldur áfram að hunsa fyrirmæli.
- Kennari/starfsfmaður notar þá reglufestu.
- Hver er reglan? > Ert þú að fylgja reglunni núna? Hvernig get ég aðstoðað þig? Viltu bæta hegðun þína? Ertu tilbúin/n að fylgja því sem við erum að gera?



3. þrep

Nemandi lætur ekki að stjórn, þá er honum vísað úr umhverfinu og beðin um að bíða frammi, ef þetta gerist í matsal eða frímínútum er nemenda vísað inn eða upp til Ingu.

Nemandi fær að hugsa sinn gang, vinna í því að koma sér af spítunni.

Mikilvægt að muna að það er ástæða að baki allrar hegðunar.

a) Í kennslustofu: Kennari heldur áfram innlögn/kennslu í örlitla stund og segir svo við nemendur: Ég ætla aðeins að ræða við hann/hana hér fyrir utan, get ég treyst ykkur til að halda áfram með ykkar vinnu? (Hér svara nemendur nær alltaf játandi)

b) Í frímínútum/matsal: Nemandi bíður hjá ritara eða utan stofu, starfsmaður ræðir við nemenda þegar frímínútur eru búnar. Hann getur ákveðið að ræða einslega við barnið og upplýst svo kennara eða deildastjóra. Starfsmaður getur líka fengið kennara/deildastjóra til að vera með í samræðunum. Mikilvægt er þó að starfsmaður sé með í samræðunum svo það líti ekki út að hann sé að selja valdið sitt.



4. þrep

Ef um óviðráðanlegar aðstæður er um að ræða. Nemandi að sýna ógnandi hegðun og farin yfir þolmörk, þarf að kalla eftir aðstoð og koma nemandi eða nemendahópi úr aðstæðum, svo viðkomandi geti komið sér af spítunni. Þegar um svona atvik er að ræða er mikilvægt að leysa þau ekki einn, kalla til aðstoð skólastjórnanda, samkennara eða annars starfsfólks.

- Ekki er hægt að ræða við nemandi sem er á spítunni, hann þarf að jafna sig.
- Til að reyna fá nemandi af spítunni er gott að spyrja um “random”spurningar sem innihalda val.

Eins og:

- Viltu fara hér inn eða þangað?
- Viltu sitja í þessum stól eða hinum?
- Vá hvað þessi stóll er gulur. Hver er uppáhaldsliturinn þinn?
- Er heitt hérna inni, á ég að opna út?



5. þrep

Þegar nemandi er kominn af spítunni byrjar uppbyggingarvinna.

Fyrst er farið í hughreystingu, svo þarfir og svo lífsgildi. Við færum okkur svo í Uppbyggingarþríhornið.



Góð foreldrasamskipti eru undirstaðan að góðu og traustu sambandi við nemandu.



Ef það þarf að notast við 3. - 5. þrep verkferils er mikilvægt að því fylgi samtal heim.

Einnig ef það þarf síendurtekið að taka 1. - 2. þrep, er mikilvægt að færa samræðuna í 3. þrep og einnig upplýsa heim um hvernig gengur.



Þetta er vinna fyrst, en með þessu næst góð bekkjarstjórn og þegar líða fer á veturinn þarf minna að grípa inní.

Prep 1: Nemandi fer ekki eftir fyrirmælum kennara/starfsmanna

- Kennari/starfsmaður fer til nemenda og spyr hvort hann sé tilbúinn að taka þátt, hlusta og fylgja fyrirmælum: Muna: 10% eru orðin sem þú velur, 35% er tónn raddarinnar, 55% er líkamstjáning.
- Spurningar sem geta gagnast við 30 sekúndna inngríp:
 - Er í lagi að gera það sem þú ert að gera núna?
 - Hvað get ég gert til að hjálpa þér að...?
 - Hver er reglan? Getur þú gert það?
 - Hvað átt þú að vera að gera?

Prep 2: Nemandi sér ekki af sér og heldur áfram að fylgja ekki fyrirmælum.

Kennari/starfsmaður notar þá reglufestu.

Hver er reglan? > Ert þú að fylgja reglunni núna? Hvernig get ég aðstoðað þig? Viltu bæta hegðun þína? Ertu tilbúinn að fylgja því sem við erum að gera?

Prep 3: Ef nemandi lætur ekki af stjórn, þá er honum vísað úr umhverfinu og beðin um að bíða frammi, ef þetta gerist í matsal eða frímínútum er nemenda vísað inn eða upp til Ingu.

Nemandi fær að hugsa sinn gang, vinna í því að koma sér af spítunni. Mikilvægt að muna að það er ástæða bakvið alla hegðun.

- a. Í kennslustofu: Kennari heldur áfram innlögn/kennslu í örlitla stund og segir svo við nemendur: Ég ætla aðeins að ræða við hann/hana hér fyrir utan, get ég treyst ykkur til að halda áfram ykkar vinnu? (Hér svara nemendur nær alltaf játandi)
- b. Í frímínútum/matsal: Nemandi bíður hjá Ingu eða utan stofu, starfsmaður ræðir við nemenda þegar frímínútur eru búnar. Hann getur ákveðið að ræða einslega við barnið og upplýst svo kennara eða deildastjóra. Starfsmaður getur líka fengið kennara/deildastjóra til að vera með í samræðunum. Mikilvægt er þó að starfsmaður sé með í samræðunum svo það líti ekki út að hann sé að selja valdið sitt.

Prep 4: Ef um óviðráðanlegar aðstæður er um að ræða. Nemandi að sýna ógnandi hegðun og farin yfir þolmörk, þarf að kalla eftir aðstoð og koma nemanda úr aðstæðum, svo hann geti komið sér af spítunni. Þegar um svona atvik er að ræða er mikilvægt að leysa þau ekki einn, kalla til aðstoð skólastjórnanda, samkennara eða annars starfsfólks.

- a. Ekki er hægt að ræða við nemanda sem er á spítunni, hann þarf að jafna sig.
- b. Til að reyna fá nemanda af spítunni er gott að spyrja spurninga sem innihalda val. Eins og:
 1. Viltu fara hér inn eða þangað?
 2. Viltu sitja í þessum stól eða hinum?
 3. Er heitt hérna inni, á ég að opna út?

Prep 5: Þegar nemandi er kominn af spítunni byrjar uppbyggingarvinna.

Fyrst er farið í hughreystingu, svo þarfir og svo lífsgildi. Við færum okkur svo í Uppbyggingarþríhornið.